

# Reglugerð um sérstakar húsaleigubætur í Hvalfjarðarsveit

## 1. gr.

### Stuðningur í húsnæðismálum

Hvalfjarðarsveit býður upp á tvennskonar stuðning í húsnæðismálum með hliðsjón af aðstæðum hvers og eins. Annarsvegar almennar húsaleigubætur og síðan sérstakar húsaleigubætur.

## 2. gr.

### Skilgreiningar

Almennar húsaleigubætur eru veittar skv. lögum og reglugerð um húsaleigubætur. Sérstakar húsaleigubætur eru ætlaðar þeim einstaklingum og fjölskyldum sem ekki eru á annan hátt færir um að sjá sér fyrir húsnæði sökum lágra launa, þungrar framfærslubyrðar og / eða annarra félagslegra erfiðleika. Sérstakar húsaleigubætur er fjárstuðningur til greiðslu húsaleigu á almennum markaði umfram almennar húsaleigubætur.

## 3. gr.

### Skilyrði fyrir því að umsókn verði metin gild

Við vinnslu umsóknar skal leita upplýsinga m.a. um félagslegar aðstæður, lögheimili, tekjur og eignir. Umsækjandi þarf að uppfylla öll eftirfarandi skilyrði til að umsókn öðlist gildi.

- a. Umsækjandi hefur ekki möguleika á því að kaupa eigið húsnæði.
- b. Umsækjandi uppfyllir öll skilyrði um almennar húsaleigubætur og hefur sótt um þær.
- b. Umsækjandi á lögheimili í Hvalfjarðarsveit þegar sótt er um og hefur átt lögheimili þar a.m.k. síðustu 18 mánuði samfleytt áður en umsókn berst.
- c. Umsækjandi uppfylli eftirfarandi skilyrði um tekju - og eignamörk. Tekjuviðmið eru neyslueining uppreiknuð miðað við fjölskyldustærð skv. reglum Hvalfjarðarsveitar um fjárhagsaðstoð. Tekjumörk fyrir einstakling eru 1,75 neyslueining x 12, nú kr. 2.896.740.-á ári. ( des. 2012 )  
Tekjumörk 2ja manna fjölskyldu 1,75 X 1,6 neyslueining, 3ja manna 1,75 X 1,8 neyslueining 4.638.900 o.s.frv. Eignamörk eru tvöföld neyslueining nú kr. 3,310,560- ( feb 2013).

Tekjumörk eru miðuð við meðaltal tekna sl. 3 ár. Heimilt er að taka tillit til skuldastöðu / greiðslubyrði umsækjanda.

d. Umsækjendur skulu vera orðnir 18 ára á umsóknardegi.

e. Umsækjandi býr við félagslega erfiðleika.

#### **4. gr.**

##### **Undanþágur frá skilyrðum**

Heimilt er að veita undanþágu frá skilyrðum 3. gr. um lögheimili og tekjuviðmið við eftirfarandi skilyrði:

Undanþága frá lögheimili:

a. Umsækjandi hefur búið í Hvalfjarðarsveit stóran hluta ævi sinnar en flutt tímabundið úr sveitarfélaginu vegna húsnæðisvanda, náms eða vinnu. Undanþága frá lögheimili og / eða tekjuviðmiði.

b. Umsækjandi er samkvæmt faglegu mati í mjög miklum félagslegum erfiðleikum.

Umsóknir um undanþágur skulu vera skriflegar þar sem gerð er grein fyrir ástæðu undanþágubeiðni. Fjölskyldunefnd Hvalfjarðarsveitar úrskurðar um undanþágur.

#### **5. gr.**

##### **Fjárhæð**

Sérstakar húsaleigubætur eru reiknaðar sem ákveðið hlutfall af almennum húsaleigubótum þannig að fyrir hverjar kr. 1.000,- fær leigjandi kr. 1.300,- í sérstakar húsaleigubætur.

Húsaleigubætur og sérstakar húsaleigubætur geta aldrei numið hærri fjárhæð en samtals kr. 70.000,- og aldrei farið yfir 75% af leigufjárhæð. Sérstökum húsaleigubótum verður ekki beitt til að greiða niður húsaleigu umfram það viðmið að leigjandi beri kr. 40.000 í kostnað af húsaleigu að frádregnum almennum og sérstökum húsaleigubótum. Framandgreind fjárhæð kr. 60.000- er bundin vísitölu neysluverðs og breytist miðað við reiknaða vísitölu neysluverðs í janúar ár hvert.

Sérstakar húsaleigubætur þarf að endurnýja einu sinni á ári (í mars mánuði) og þarf umsækjandi að uppfylla skilyrði reglna þessara til að fá áframhaldandi bætur.

#### **6. gr.**

##### **Upplýsingar um aðstæður**

Viðtakandi sérstakra húsaleigubóta skal gera grein fyrir öllum breytingum sem verða á aðstæðum hans og kunna að hafa áhrif á umsókn og mat á henni.

## **7. gr.**

### **Endurskoðun greiðslna sérstakra húsaleigubóta**

Sérstakar húsaleigubætur eru ákvarðaðar í 6 mánuði í senn. Viðtakandi sérstakra húsaleigubóta verður að fullnægja öllum skilyrðum 3. gr. allt það tímabil sem ákvörðun um bætur gildir. Ef skilyrðum er ekki lengur fullnægt verður greiðslu sérstakra húsaleigubóta hætt.

## **8. gr.**

### **Umsóknarfrestir - endurnýjun á umsókn**

Endurnýja skal umsókn um sérstakar húsaleigubætur á 6 mánaða fresti. Umsóknir um sérstakar húsaleigubætur skulu berast fyrir 15. desember og , 15. Júní.

## **9. gr.**

### **Málsmeðferð**

Meðferð máls er skv. ákvæðum XVI. og XVII. Kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 140/1991 og ákvæði laga um húsaleigubætur nr. 138/1997. Umsóknir skulu berast á þar til gerðum eyðublöðum.

Öflun gagna og upplýsinga skal unnin í samvinnu og með vitund umsækjanda. Afgreiða skal umsókn fyrir lok janúar, júní eftir því sem við á og skal niðurstaða kynnt umsækjanda.

Sé umsókn hafnað skal umsækjandi fá skriflegt svar þar sem ákvörðun er rökstudd með skýrum hætti með vísan í viðeigandi ákvæði þessara reglna. Umsækjandi hefur fjögurra vikna frest til að vísa máli sínu til fjölskyldunefndar frá því honum barst vitneskja um ákvörðun. Fjölskyldunefnd skal fjalla um umsókn og taka ákvörðun svo fljótt sem unnt er. Ákvörðun fjölskyldunefndar skal kynnt umsækjanda tryggilega og um leið skal honum kynntur réttur hans til málskots til úrskurðarnefndar félagsþjónustu.

Umsækjandi getur skotið ákvörðun fjölskyldunefndar til úrskurðarnefndar velferðarmála (85/2015). Skal það gert innan fjögurra vikna frá því umsækjanda barst vitneskja um ákvörðun Fjölskyldunefndar.

## **10. gr.**

### **Gildistaka**

Reglur þessar taka gildi 1. mars 2013

Þannig samþykkt af sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar á 142. fundi þann 12. febrúar 2013